

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1164/2009

2010/EES/71/20

frá 27. nóvember 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegra túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 18 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 <sup>(2)</sup> voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 29. janúar 2009 birti alþjóðlega túlkunarnefndin um reikningsskil (IFRIC) IFRIC-túlkun 18, yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum, hér á eftir nefnd „IFRIC-túlkun 18“. IFRIC-túlkun 18 er túlkun sem kveður á um nánari útskýringar og leiðbeiningar um reikningsskil vegna yfirfærslu varanlegra rekstrarfjármunaliða frá viðskiptavinum, eða handbæru fé til að kaupa eða bygga varanlegan rekstrarfjármunalið.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að IFRIC-túlkun 18 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmdastjórninni um hlutlægni og hlutleysi álíta EFRAG <sup>(3)</sup>, og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitnið væri yfirvegað og hlutlægt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

4) Innleiðing IFRIC-túlkunar 18 felur þess vegna í sér breytingar á IFRS-staðli 1 sem eiga að auðvelda innleiðingu IFRS-staðla.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrjnefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

1. Túlkun alþjóðlegra túlkunarnefndarinnar um reikningsskil, IFRIC-túlkun 18, yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum, bætist við eins og hún er sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð,

2. Alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS) 1 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita IFRIC-túlkun 18 og breytingunum á IFRS-staðli 1 eins og þær eru settar fram í viðaukanum við þessa reglugerð, eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst eftir 31. október 2009.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 94/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XXII viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 21.10.2010, bls. 20.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

## VIÐAUKI

## ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRIC-túlkun 18	IFRIC-túlkun 18 <i>Yfirlýsingar eigna frá viðskiptavinum</i>
-----------------	--

„Afríttun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afríttunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn má telja. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareiknings-skilaráðinu (IASB) [www.iasb.org](http://www.iasb.org)“

## IFRIC-TÚLKUN 18

*Yfirlýsing eigna frá viðskiptavinum*

## TILVÍSANIR

- *Rammi um gerð og framsetningu reikningsskila*
- IFRS-staðall 1 *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla (endurskoðaður 2008)*
- IAS-staðall 8, *reikningsskilaáferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*
- IAS 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*
- IAS-staðall 18, *reglulegar tekjur*
- IAS 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð*
- IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuviðvun*

## FORSAGA

- 1 Í almenningsveitugeiranum getur eining tekið við varanlegum rekstrarfjármunaliðum frá viðskiptavinum sínum og verður að nota þá til að tengja þessa viðskiptavini við dreifikerfi og veita þeim viðvarandi aðgang að vörum á borð við rafmagn, gas eða vatn. Að öðrum kosti getur eining tekið við handbæru fé viðskiptavina til að kaupa eða byggja þess háttar varanlega rekstrarfjármuni. Viðtekið er að fara fram á það við viðskiptamenn að þeir greiði viðbótarfjárhæð til að kaupa vörur eða þjónustu í samræmi við notkun.
- 2 Yfirlýsing eigna viðskiptamanna getur átt sér stað í fleiri geirum en almenningsveitugeiranum. Eining sem útvistar starfsemi sína á sviði upplýsingatækni getur t.d. flutt varanlega rekstrarfjármunaliði sína yfir á veitanda útvistarinnar.
- 3 Í sumum tilvikum er það ekki einingin sem yfirfærir eign sem fær að lokum viðvarandi aðgang að afhentum vörum og veittri þjónustu og verður viðtakandi þeirrar vöru og þjónustu. Til hagræðingar vísar þessi túlkun þó til einingarrinnar, sem flytur eignir, sem viðskiptavinarins.

## GILDISSVIÐ

- 4 Þessi túlkun gildir um hvernig skuli færa slíka yfirlýsingu varanlegra rekstrarfjármunaliða af hálfu eininga sem taka við slíkri yfirlýsingu frá viðskiptavinum sínum.
- 5 Þeir samningar sem falla innan gildissviðs þessarar túlkunar eru samningar þar sem eining tekur við varanlegum rekstrarfjármunaliðum frá viðskiptavini sem einingin verður svo að nota, annaðhvort til að tengja viðskiptavininn við net eða veita honum viðvarandi aðgang að vörum eða þjónustu, eða gera hvort tveggja.
- 6 Þessi túlkun á einnig við um samninga þar sem eining tekur við handbæru fé frá viðskiptavini, þegar nota ber fjárhæðina eingöngu til að byggja eða kaupa varanlegan rekstrarfjármunalið, og verður einingin að nota hinn varanlega rekstrarfjármunalið annaðhvort til að tengja viðskiptavininn við dreifikerfi eða útvega honum viðvarandi aðgang að vörum eða þjónustu, eða gera hvort tveggja.
- 7 Þessi túlkun gildir ekki um samninga þar sem yfirlýsingin er annaðhvort opinber styrkur, eins og hann er skilgreindur í IAS-staðli 20, eða grunnvirki sem notað er í samningi um þjónustuviðvun sem er innan gildissviðs IFRIC-túlkunar 12.

## ÁLITAEFNI

- 8 Í túlkuninni er fjallað um eftirfarandi álitaefti:
  - a) Fellur eign að skilgreiningu?
  - b) Ef eign fellur að skilgreiningu, hvernig á þá að mæla hinn yfirfærða, varanlega rekstrarfjármunalið við upphafsfræslu?

- c) Ef varanlegi rekstrarfjármunaliðurinn er metinn á gangvirði við upphafs færslu, hvernig ber þá að færa mótfærsluna í kredithlið?
- d) Hvernig á einingin að gera grein fyrir yfirfærslu handbærs fjár frá viðskiptavini sínum?

## ALMENNT SAMKOMULAG

## Fellur eign að skilgreiningu?

- 9 Þegar eining tekur við yfirfærslu varanlegs rekstrarfjármunaliðar skal hún meta hvort hinn yfirferði liður falli að skilgreiningu á eign eins og hún er sett fram í Rammanum. Í a-lið 49.gr. í Rammanum er tekið fram að „eign sé fjármunir sem eining stjórnar í krafti orðinna atburða, og standi væntingar til þess að leiði til efnahagslegs ávinnings einingarinnar í framtíðinni.“ Í flestum tilvikum öðlast einingin eignarrétt yfir yfirferðum, varanlegum rekstrarfjármunalið. Eignarréttur er þó ekki nauðsynlegur til að ákvarða hvort eign sé fyrir hendi. Þar af leiðir að haldi viðskiptavinur yfirráðum yfir hinum yfirferða lið fellur eignin ekki að skilgreiningunni, þrátt fyrir yfirfærslu eignarréttar.
- 10 Eining, sem hefur yfirráð yfir eign, getur yfirleitt farið með hana að vild. Eining getur t.d. skipt á eigninni fyrir aðrar eignir, notað hana til að framleiða vörur eða þjónustu, innheimt gjald fyrir afnot annarra, notað hana til að gera upp skuldir, varðveitt hana eða úthlutað henni til eigenda. Eining, sem tekur við varanlegum rekstrarfjármunalið frá viðskiptavini, skal taka alla málavexti og aðstæður, sem skipta máli, til athugunar við mat á yfirráðum yfir yfirferða liðnum. Þó að einingin verði að nota yfirferðan, varanlegan rekstrarfjármunalið til að veita viðskiptavini þjónustu, á einu sviði eða fleiri, verður hún, svo dæmi sé tekið, að geta ákveðið hvernig skuli reka og halda við hinum yfirferða, varanlega rekstrarfjármunalið og hvenær honum skuli skipt út. Í því tilviki drægi einingin að jafnaði þá ályktun að hún hefði yfirráð yfir hinum yfirferða, varanlega rekstrarfjármunalið.

## Hvernig skal meta yfirferðan, varanlegan rekstrarfjármunalið við upphafs færslu?

- 11 Ef einingin kemst að þeirri niðurstöðu að eign sé skilgreind með fullnægjandi hætti skal hún færa yfirferðu eignina sem varanlegan rekstrarfjármunalið í samræmi við 7. lið í IAS-staðli 16 og meta kostnaðarverð hans á gangvirði við upphafs færslu, í samræmi við 24. lið í þeim staðli.

## Hvernig skal haga kreditfærslunni?

- 12 Í eftirfarandi umfjöllun er gert ráð fyrir að eining sem tekur á móti varanlegum rekstrarfjármunalið hafi komist að þeirri niðurstöðu að yfirferði liðurinn skuli færður og metinn í samræmi við 9.–11. lið.
- 13 Í 12. lið í IAS-staðli 18 segir: „Þegar vara er seld eða þjónusta veitt í skiptum fyrir ólíka vöru eða þjónustu er lítið svo á að skiptin séu viðskipti sem gefa af sér reglulegar tekjur.“ Samkvæmt samningsskilmálunum innan gildissviðs þessarar túlkunar væri yfirfærsla varanlegs rekstrarfjármunaliðar skipti fyrir ólíka vöru eða þjónustu. Af þessum sökum skal einingin færa reglulegar tekjur í samræmi við IAS-staðal 18.

## Aðgreinanleg þjónusta tilgreind

- 14 Eining getur samþykkt að veita fleiri en eina tegund þjónustu í skiptum fyrir yfirferðan, varanlegan rekstrarfjármunalið, s.s. að tengja viðskiptavin dreifikerfi, sjá viðskiptavini fyrir stöðugum aðgangi að vörum eða þjónustu, eða hvort tveggja. Í samræmi við 13. lið í IAS-staðli 18 skal eining tilgreina aðgreinanlega þjónustu sem samningurinn tekur til.
- 15 Þættir, sem gefa til kynna að tenging viðskiptavinar við dreifikerfi sé aðgreinanleg þjónusta, eru m.a.:
- a) að þjónustusamband við viðskiptavin sé komið á og að það feli í sér sjálfstætt verðgildi fyrir þann viðskiptavin,
- b) að unnt sé að meta gangvirði þjónustusambandsins með áreiðanlegum hætti.
- 16 Þáttur, sem gefur til kynna að það, að veita viðskiptamanni stöðugan aðgang að vörum eða þjónustu, sé aðgreinanleg þjónusta, er að viðskiptavinurinn, sem framkvæmir yfirfærsluna, fær í framtíðinni stöðugan aðgang, vörur eða þjónustu eða hvorttveggja á lægra verði en sett væri upp ef ekki væri um yfirfærslu á varanlegum rekstrarfjármunalið að ræða.
- 17 Þáttur, sem á hinn bóginn gefur til kynna að sú skuldbinding að veita viðskiptavini stöðugan aðgang að afhendingu á vöru eða þjónustu stafi af skilmálum rekstrarleyfis einingarinnar eða öðrum reglum fremur en samningi, sem tengist yfirfærslu á varanlegum rekstrarfjármunalið, er að viðskiptavininn, sem framkvæma yfirfærslu, greiði sama verð og hinir, sem gera það ekki, fyrir stöðugan aðgang, eða fyrir vörurnar og þjónustuna, eða hvorttveggja.

## Færsla reglulegra tekna

- 18 Ef aðeins ein tegund þjónustu er tilgreind skal eining færa reglulegar tekjur þegar þjónustan er innt af hendi í samræmi við 20. lið í IAS-staðli 18.
- 19 Ef fleiri en ein tegund aðgreinanlegrar þjónustu er tilgreind, er gerð krafa um það í 13. lið IAS-staðals 18 að gangvirði heildarendurgjalds eða viðskiptakrafna vegna samningsins sé úthlutað til hverrar tegundar þjónustu, og eiga þá skilyrði fyrir færslu, eins og þau eru sett fram í IAS-staðli 18, við um hverja tegund þjónustu.
- 20 Ef stöðug þjónusta er tilgreind sem hluti af samningnum ræðst tímabilið, sem reglulegar tekjur skulu færðar fyrir þá þjónustu, venjulega af skilmálum samningsins við viðskiptavininn. Ef ekki er tilgreint tímabil í samningnum skal færa reglulegar tekjur á tímabil sem er ekki lengra en nýtingartími hinnar yfirfærðu eignar sem er notuð til að veita hina stöðugu þjónustu.

**Hvernig á einingin að gera grein fyrir yfirfærslu handbærs fjár frá viðskiptavini sínum?**

- 21 Þegar eining fær yfirfærslu á handbæru fé frá viðskiptavini skal hún meta hvort samningurinn sé innan gildissviðs þessarar túlkunar í samræmi við 6. lið. Ef svo er skal einingin meta hvort hinn byggði eða keypti varanlegi rekstrarfjármunaliður uppfylli skilgreiningu á eign í samræmi við 9. og 10. lið. Ef skilgreining á eign er uppfyllt skal einingin færa varanlega rekstrarfjármunaliðinn á kostnaðarverði í samræmi við IAS-staðal 16 og skal færa reglulegar tekjur í samræmi við 13.–20. lið sem þá fjárhæð handbærs fjár sem hún hefur fengið frá viðskiptavininum.

**GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGDAÁKVÆÐI**

- 22 Eining skal beita þessari túlkun framvirkt vegna yfirfærslu eigna frá viðskiptavininum sem tekið er við 1. júlí 2009 eða síðar. Heimilt er að taka túlkunina upp fyrir, að því tilskildu að mats og annarra upplýsinga, sem þarf til að beita túlkuninni á fyrri yfirfærslur, hafi verið aflað þegar þessar yfirfærslur áttu sér stað. Eining skal tilgreina frá hvaða degi túlkuninni var beitt.

## Viðbætur

## BREYTING Á IFRS-STADLI 1

*Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla (endurskoðaður 2008)*

A1 Í viðbæti D er lið D1 breytt sem hér segir.

„D1 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi undanþágum:

- a) eignarhlutartengd greiðslumiðlun (liðir D2 og D3),
- m) fjáreign eða óefnislegar eignir færðar í samræmi við IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuviðhlun* (liður D22) og
- n) fjármagnskostnaður (liður D23) og
- o) yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum (liður D24).“

A2 Á eftir lið D23 er nýrri fyrirsögn og lið D24 bætt við.

„*Yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum*

D24 Notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn getur beitt bráðabirgðaákvæðunum sem eru sett fram í 22. lið í IFRIC-túlkun 18, *yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum*. Í þeim lið skal túlka vísanir í gildistökuðag sem 1. júlí 2009 eða daginn sem skipt er yfir í IFRS-staðla, eftir því hvor þeirra er síðar. Að auki getur notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn tilgreint hvaða dagsetningu sem er sem daginn þegar skipt er yfir í IFRS-staðla og beitt IFRIC-staðli 18 á alla yfirfærslu eigna frá viðskiptavinum sem tekið er við þann dag eða síðar.“